

**Borgarstjórn**  
**2. apríl 2019**

**Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflókks Íslands um samráð við strætónotendur vegna leiðakerfisbreytinga Strætó bs.**

Lagt er til að borgarstjórn beiti sér fyrir því að samráð verði haft við strætónotendur áður en leiðakerfisbreytingar Strætó bs. eiga sér stað. Þá er einnig lagt til að tekið verði tillit til þeirra þarfa og væntinga sem fram koma í samráðsferlinu. Hér er um að ræða allar leiðakerfisbreytingar að undanskildum þeim sem eru óhjákvæmilegar, t.d. vegna framkvæmda við ákveðnar götur. Í þeim tilfellum er þó mikilvægt að Strætó bs. eigi samráð við strætónotendur til að veita sem besta þjónustu þegar ferðir um ákveðnar götur liggja niðri. Þá er einnig mikilvægt að stjórn Strætó bs. eigi í virku samtali við strætófarþega, skyldu þeir sjálfir telja þörf á ákveðnum leiðakerfisbreytingum eða bætingum á leiðakerfinu. Faghópur um leiðakerfisbreytingar tók nýverðið til starfa en hlutverk hópsins er að koma með tillögur að heildstæðu leiðakerfi sem taki tillit til uppbyggingar borgarlínu og hámarksskilvirkni kerfisins. Strætó bs. hefur greint frá því að fulltrúi notenda sitji í faghópnum en hér er lagt til að samráðið verði aukið við strætófarþega almennt. Slíkt mætti t.d. gera með hverfaskiptum samtölum í nærumhverfi strætónotenda, t.d. í hverfisráðum, og með því að senda hagsmunaaðilum líkt og ungmennaráðum, mögulegar leiðakerfisbreytingar til umsagnar.